

**Fundargerð 96. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fundur haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu 18.1.2016  
að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík, kl. 8:30 – 10

Mættir

Frá FMS: Örn Þór Halldórsson, Helena Karlsdóttir, Halldór Arinbjarnarson. , (Sólrún Anna Jónsdóttir boðaði forföll)

Frá stjórn FF: Albina Thordarson formaður, Guðjón Bragason, Sævar Skaptason, Anna G. Sverrisdóttir

**1. Erindi Ferðamálastofu:**

- a. Áframhaldandi kynning á endurskoðun starfsreglna og áhrif á yfirstandandi úthlutunarferli  
Farið yfir nýjar verklagsreglur (HK) og stjórn lagði til eftirfarandi orðalag í 13. gr.  
„Styrkur greiðist út til styrkþega í samræmi við samþykka kostnaðar-, verk- og framkvæmdaráætlun sbr. b-lið 9. greiðsla vegna 1. áfanga, þó eigi hærrí en 40% af styrkuppþæð, greiðist við undirritun samnings. Áður en til frekari greiðslna kemur skal styrkþegi skila inn framvinduskýrslu fyrir hvern áfanga.“
- b. Drög að auglýsingu vegna úthlutunar kynnt (HK) og lagðar til breytingar á henni og samþykkt.
- c. Verklag kynnt (HK) og rætt er varðar afgreiðslu stjórnar á tillögum til ráðherra.
- d. Goðafoss: Bréfi til ráðherra ásamt minnisblaði vegna niðurfellingar mótframlags samþykkt.
- e. Kötlusetur: Bréfi til ráðherra ásamt minnisblaði vegna niðurfellingar mótframlags samþykkt.
- f. Skróður: FMS (HK) mun ganga eftir endurheimtum áðurgreidds styrks.
- g. Annað: Skjalamál rædd og sméð hvaða hætti væri hægt að bæta aðgengi og möguleika á yfirsýn stjórnarmanna á gögnum er tengjast stjóðunm. HK greindi frá því að Halldóri Arinbjarnarsyni verkefnastjóra hjá Ferðamálastofu hefði verið falin ábyrgð á að skoða bætt aðgengi að rafrænum gögnum framkvæmdasjóðsins.

**2. Ferðaáætlun stjórnar**

Ferðaáætlun fræágengin og samþykkt, þar sem gert er ráð fyrir 2 ferðum út á land í sumar.

**3. Matsblöð umhverfisstjóra vegna umsókna á lögð fram.**

(umræðu frestað til næsta fundar)

Eftirfarandi fundarroð samþykkt:

97. fundur: 28.1.2016 kl. 12-16 (Fulltrúa Rangárbings eystra verður boðið til að kynna framvindu verkefna sveitarfélagsins)

98. fundur: 2.2.2016 8:30-11

99. fundur: 5.2.2016 kl. 8:30 – 11

Fundargerð ritaði:

Örn Þór Halldórsson, umhverfisstjóri Ferðamálastofu

Albina Thordarson  
Guðjón Bragason  
Sævar Skaptason  
Anna G. Sverrisdóttir